

REGLUGERÐ

um úthlutun á opnum tollkvótum á nautakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum á nautakjöti samkvæmt viðauka IV A og 12. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Verðtollur %	Magntollur kr./kg	
Tollskrárnúmer: <i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst:</i>				
<i>Sneitt á annan hátt með beini:</i>				
0202.2001	Hryggir og hryggsneiðar	03.03.14 - 30.09.14	0	316
0202.2002	Læri og lærisneiðar	03.03.14 - 30.09.14	0	225
<i>Beinlaust:</i>				
0202.3002	Lundir	03.03.14 - 30.09.14	0	658
0202.3003	Hryggvöðvar	03.03.14 - 30.09.14	0	489
0202.3004	Vöðvar af læri	03.03.14 - 30.09.14	0	456
0202.3009	Annað (hakkefni)	01.04.14 - 30.09.14	0	270

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 448/2012 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. september 2014.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. febrúar 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Halldór Runólfsson.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.